

85. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn á Minjasafninu á Hnjóti fimmtudaginn 25. ágúst 2011 kl. 17:00.

Mættir : Björgvin Sigurjónsson, Magnús Ólafs Hansson og María Óskarsdóttir settur forstöðumaður. Egill Ólafsson boðaði forföll en bað fyrir kveðjur á fundinn.

Þá voru einnig boðuð til fundarins, Heiðrún Sigurðardóttir og Sverrir Kristjánsson sem reka kaffiteríuna „*Gott í kroppinn*“ í safnahúsinu og Francois Hervieu starfsmaður safnsins. Þá var Halldór Árnason áheyrnarfulltrúi á fundinum.

Fundargerð ritar Magnús Ólafs Hansson.

Dagskrá:

1. Lokunartími safnsins
2. Upplýsingaskilti
3. Húsnæðismál starfsfólks safnsins
4. Viðhaldsviðgerðir húsakosts safnsins
5. Önnur mál

Magnús Ólafs Hansson setti fundinn bauð fundarmenn velkomna.

Hér var gengið til dagskrár.

1. Á 26. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem haldinn var á Tálknafirði þriðjudaginn 16. ágúst sl. ákvað Samráðsnefndin, vegna fjárhagserfiðleika safnsins að safninu skildi lokað 31. ágúst nk. Forstöðumanni falið að auglýsa lokunina strax í fjölmiðlum.
2. Sett voru upp upplýsingaskilti um starfssemi safnsins í Ósabotnum og við safnhúsið á Hnjóti. Jafnframt var sett upp nýtt upplýsingaskilti á Bjargtöngum þar sem sagt er frá björgunarafrekinu við Látrabjarg í desember 1947. Áður hafði verið búið að fá samþykki landeigenda og Skipulags- og byggingarnefndar Vesturbyggðar vegna uppsetningar skiltanna.
3. Húsnæði fyrir safnvörð og starfsfólk hefur ekki verið fyrir hendi í sumar á Hnjóti. Safnvörður fékk að láni gamlan húsbíl sem starfsmaður safnsins hefur nýtt. Starfsmannaaðstaða er engin í safninu. Enginn kælskápur er fyrir starfsfólk í safninu. Vinnuaðstaða fyrir safnvörð er engin á staðnum.
4. a. Ljóst er að fara verður í verulegar lagfæringar/endurbætur á húsakosti safnsins sem m.a. lekur og járn á elsta hluta þess er skemmdur af riði. Þá þarf að mála allt tréverk, utanhúss og húsið sjálft ásamt þaki.
b. Íbúðarhúsið í Miðgarði í Örlygshöfn sem safnið á hlut í þarfnast einnig verulegra lagfæringa. Skipta þarf um rúður í húsinu, þakkassa og gera við leka skemmdir á þaki. Mála þyrfti allt húsið að utan og innan. Þá er ljóst að skipta þarf út eldhúsinnréttingu.
c. Fúaverja þarf allt tréverk í geymsluhúsnæði safnsins í Hvammsholti og mála húsið að utan ásamt þaki.

5. Önnur mál

- a. Ljóst er að aðstaða fyrir forstöðumann verður að vera fyrir hendi á safninu, þar sem hægt verði að koma fyrir tölvu og öðrum skrifstofubúnaði.
- b. Haft var orð á því að skrá verði sögu b/s Maríu Júlíu sem er sameiginleg eign Minjasafns Egils Ólafssonar og Byggðasafns Vestfjarða.
- c. Sverrir nefndi að vatnsmál á safninu verði að laga fyrir næsta ár. Vatnsinntak er orðið lélegt og því verði að koma fyrir á þægilegri stað og pappasíum verði skipt út fyrir nýrri síur sem eru ekki eins viðhaldsfrekar.
- d. Sverrir nefndi að vantaði a.m.k. 25 Amp. öryggi til viðbótar vegna reksturs kaffiteríunnar. Jafnframt nefndi hann að salernisaðstaða væri allt og lítil í sniðum og þyrfti að fjölga almenningssalernum á staðnum vegna fjölda gesta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.30